

5.4 Aðrar breytingar á heimtaugum en þær sem tilgreindar eru í kafla um tengigjöld skulu vera samkvæmt kostnaði hverju sinni.

Öll gjöld sem tilgreind eru í kafla III miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1993, sem er 189,6 stig og breytast í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar gjöldum almanaksársins. Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts nema annars sé getið. Virðisaukaskattur 24,5% leggst á öll tengigjöld nema tengigjöld hitaveitu sem bera 0% virðisaukaskatt.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 31, 24. janúar 1992.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. desember 1992.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

## GJALDSKRÁ

**Rafmagnsveitu Reykjavíkur.**

**B-hluti.**

**RAFORKUGJÖLD OG ÖNNUR GJÖLD**

1. gr.

**Almennt.**

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns á lágspennu. Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja rafmagn á háspennu samkvæmt sérstökum samningi.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

*A-hluti* gjaldskrár fjallar um almenna skilmála um orkuafhendingu á orkuveitusvæði Rafmagnsveitunnar. Í þessum hluta er skilgreining á raforkutöxtum, heimtaugagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi, álestrargjaldi, innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

*B-hluti* gjaldskrár sýnir gildandi raforkuverð og önnur gjöld á hverjum tíma.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

### *Skammstafanir*

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Skýring</i>
A	amper	straumur
kW	kílówatt	afl
kWh	kílówattstund	orka

### *Skilgreiningar*

Notandi: viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn mæli (eina veitu).

Orkukaupandi: viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn eða fleiri mæla (veitur).

Veita: rafkerfi notanda með einn mæli.  
 Ársnotkun: fjöldi kWh sem notaðar eru á einu ári (365 dögum).  
 Aftloppur: mesta mælda afl (kW) yfir árið.

## 2. gr.

**Raforkugjöld.****2.1 Almenn orkunotkun.**

Almenn orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

A.1. Almenn notkun:			
Fast gjald . . . . .	2 350,00	(2 925,75)	kr/ár
Orkugjald . . . . .	5,42	(6,75)	kr/kWh
A.2 Bráðabirgðanotkun:			
Fast gjald . . . . .	4 700,00	(5 851,50)	kr/ár
Orkugjald . . . . .	7,05	(8,78)	kr/kWh
A.4 Sumarhúsanotkun:			
Fast gjald . . . . .	9 030,00	(11 242,35)	kr/ár
Orkugjald . . . . .	2,94		kr/kWh

**2.2 Afl- og orkunotkun.**

Almenn orkunotkun, sem er 200.000 kWh á ári og yfir. Útilysing.  
 Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

B.1 Afl- og orkumæling:			
Fast gjald . . . . .	40 500,00	(50 422,50)	kr/ár
Aflgjald . . . . .	6 850,00	(8 528,25)	kr/kWh/ár
Vetrarorkugjald . . . . .	3,37	(4,20)	kr/kWh
Sumarorkugjald . . . . .	1,55	(1,93)	kr/kWh
B.2 Útilysing			
Aflgjald . . . . .	18 800,00	(23 406,00)	kr/kWh/ár
Viðhaldsgjald . . . . .	20 500,00	(25 522,50)	kr/kWh/ár

**2.3 Rofin orkunotkun.**

Rofin orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

R.1 Rofin orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:			
Fast gjald . . . . .	6 730,00	(8 378,85)	kr/ár
Orkugjald með rofi í nóv.-febr. . . . .	2,60	(3,24)	kr/kWh
Orkugjald með rofi í des.-jan. . . . .	2,81	(3,50)	kr/kWh
R.2 Rofin orkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:			
Fast gjald . . . . .	6 730,00	(8 378,85)	kr/ár
Vetrarorkugjald með rofi í nóv.-febr. . . . .	3,26	(4,06)	kr/kWh
Vetrarorkugjald með rofi í des.-jan. . . . .	3,67	(4,57)	kr/kWh
Sumarorkugjald . . . . .	1,60	(1,99)	kr/kWh
R.3 Næturorkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:			
Fast gjald . . . . .	6 730,00	(8 378,85)	kr/ár
Orkugjald . . . . .	2,12	(2,64)	kr/kWh
R.4 Næturorkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:			
Fast gjald . . . . .	6 730,00	(8 378,85)	kr/ár
Vetrarorkugjald . . . . .	2,54	(3,16)	kr/kWh
Sumarorkugjald . . . . .	1,31	(1,63)	kr/kWh

### 3. gr. Önnur gjöld.

#### 3.1 Heimtaugagjöld.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

##### H.1 Aðalheimtaugar

Málstraumur	Heimtaugagjöld
63 A 1-fasa	50 800 (63 246,00) kr
63 A 3-fasa	56 200 (69 969,00) kr
100 A 3-fasa	89 800 (111 801,00) kr
200 A 3-fasa	177 000 (220 365,00) kr
315 A 3-fasa	279 000 (347 355,00) kr
400 A 3-fasa	362 000 (450 690,00) kr
630 A 3-fasa	562 000 (699 690,00) kr
710 A 3-fasa	634 000 (789 330,00) kr
1200 A 3-fasa	1 070 000 (1 332 150,00) kr
2400 A 3-fasa	2 140 000 (2 664 300,00) kr

##### H.2 Bráðabirgðaheimtaugar

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald	
		Jarðstrengur kr/m	Loflína kr/stólpi
63 A1-fasa	10 100 (12 574,50)	1 500 (1 867,50)	19 100 (23 779,50)
63 A3-fasa	14 100 (17 554,50)	1 500 (1 867,50)	22 000 (27 390,00)
100 A3-fasa	15 000 (18 675,00)	1 970 (2 452,65)	25 500 (31 747,50)
200 A3-fasa	56 600 (70 467,50)	1 970 (2 452,65)	25 500 (31 747,50)

##### H.3 Sumarhúsaheimtaugar

Málstraumur	Heimtaugagjöld
35 A 1-fasa	174 000 (216 630,00) kr.

#### 3.2 Mælaleiga.

Mælaleiga er innifalin í raforkuverði skv. töxtum. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár. Fyrir mælitæki til annarra nota er ársleiga sem hér segir:

M.1 Orkumælir, einfasa	710	(883,95) kr.
M.2 Orkumælir, þrífasa	2 800	(3 486,00) kr.
M.3 Orkumælir, þrífasa með straumspennum	4 740	(5 901,30) kr.
M.4 Afmælir	4 740	(5 901,30) kr.
M.5 Afmælir með straumspennum	7 100	(8 839,50) kr.
M.6 Tvígjaldsorkumælir	4 570	(5 689,65) kr.
M.7 Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	6 970	(8 677,65) kr.
M.8 Móttökuliði, einpóla	3 150	(3 921,75) kr.
M.9 Móttökuliði, þrípóla	4 740	(5 901,30) kr.

#### 3.3 Tengigjald.

Tengigjald vegna skammtímanotkunar	4 990	(6 212,55) kr.
Álag vegna tenginga utan dagvinnutíma 55%.		

#### 3.4 Álestrargjald.

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda	993	(1 236,30) kr.
--------------------------------------	-----	----------------

3.5 *Innheimtugjald.*

Innheimtugjald vegna vanskila notanda . . . . .	757	(942,47) kr.
Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar . . . . .	1 140	(1 419,30) kr.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.

Gjaldskrá þessi (B-HLUTI: Raforkugjöld og önnur gjöld) staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451/1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 609, dagsett 16. desember 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1992.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á reglum nr. 77/1986 um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða.

#### 1. gr.

8. töluliður 1. mgr. 3. gr. reglna um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða nr. 77/1986 falli niður.

#### 2. gr.

Í stað núverandi 8. og 9. gr. reglna um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða nr. 77/1986 komi ný grein sem verður 8. gr. sbr. eftirfarandi. Númeraröð núverandi 10.-18. gr. reglnanna breytist í 9.-17. gr.:

Mat á afskriftapörf vegna útlána og annarra skuldbindinga og framsetning í ársreikningi skal vera með þeim hætti sem greinir í eftirfarandi töluliðum 1 til 8, sbr. ennfremur skýringar með ársreikningi.

- 1) Með skuldbindingum lánþega er átt við eftirfarandi liði í reglum þessum:
  - (a) útlán og endurlán, þar með taldir áfallnir vextir og þóknanir;
  - (b) ábyrgðir bankans/sparisjóðsins utan efnahags;
  - (c) ábyrgðarskuldbindingar lánþega vegna annarra lánþega bankans/sparisjóðsins;
  - (d) aðrar hugsanlegar skuldbindingar gagnvart bankanum/sparisjóðnum.
- 2) Með framlögum í afskriftareikninga útlána o.fl. er átt við sérstök og almenn framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. en ekki tillög í afskriftareikning innan eigin fjár.
- 3) Með „sérstökum framlögum í afskriftareikninga útlána o.fl.“ er átt við framlög til að mæta líklegum töpum á skuldbindingum þeirra lánþega sem sérstaklega hafa verið metnir í tapshættu.
- 4) Með „almennum framlögum í afskriftareikninga útlána o.fl.“ er átt við framlög til að mæta töpum sem talin eru líkleg miðað við aðstæður á uppgjörstegi vegna skuldbindinga